FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
187. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 11. ÁGÚST 2017



**Hinsegin kórinn bauð gestum og gangandi að fylgjast með opinni kóræfingu í Listdansskóla Íslands í gær. Var það gert í tilefni af Hinsegin dögum sem hófust á þriðjudag. Á dagskránni næstu daga verður meðal annars Hinsegin bókmenntaganga, sýning DragSúgs og Landleguball. Hátíðarhöldin verða svo krónuð á morgun með hinni vinsælu Gleðigöngu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Hafnar ásökunum Haga um þrýsting

Stjórnendur Haga saka Fríhöfnina um að hafa beitt sér gagnvart erlendum birgi til þess að hafa áhrif á verðlagningu á snyrtivörum í Hagkaup. Fríhöfnin hafi þannig reynt að koma í veg fyrir að viðskiptavinir Hagkaups nytu lægra verðs en hún vísar því á bug.

**VIÐSKIPTI** Fríhöfnin vísar á bug ásökunum stjórnenda Haga um að hafa beitt erlendan birgi þrýstingi til þess að hafa áhrif á verðlagningu á snyrtivörum í Hagkaup. Hagar kvörtuðu til Samkeppniseftirlitsins sem ákvað að taka málið ekki til rannsóknar.

Hins vegar beindi eftirlitið tilmælum til Fríhafnarinnar til að draga úr hættu á því að starfsemin færi gegn samkeppnislögum.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins sendi Fríhöfnin bréf til erlends birgis árið 2013 þar sem kvartað var yfir tilboðsverði á snyrtivörum í verslunum Hagkaups. Stjórnendur Haga telja að Fríhöfnin hafi þannig reynt að koma í veg fyrir að viðskiptavinir Hagkaups nytu lágs verðs á slíkum vörum. Um leið hafi Fríhöfnin brotið gegn samkeppnislögum. Kvartað var til Samkeppniseftirlitsins.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri eftirlitsins, segir gagna hafa verið aflað til þess að meta hvort tilefni væri til rannsóknar en að ekki væri talin ástæða til að hefja ítarlega rannsókn á því hvort brot hefðu átt sér stað.

Þorgerður Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar, segir verslunina vísa ásökunum Haga á bug. „Samkeppniseftirlitið fékk málið á sitt borð á sínum tíma og ákvað að aðhafast ekkert í því.“

**Hagar keyptu Lyfju á 6,7 milljarða króna í nóvember í fyrra. Átti að ganga frá viðskiptunum fyrir 1. júlí.**

Umrætt mál var rifjað upp í aðdraganda ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins um að ógilda samruna Haga og Lyfju. Stjórnendur Haga tóku fram í tilkynningu í gær að sterk staða sameinaðs félags á snyrtivörumarkaði hefði verið meginástæða þess að eftirlitið hafnaði kaupunum. Þar vægi þungt að eftirlitið telur Fríhöfnina ekki hluta af íslenskum snyrtivörumarkaði. Hagar telja hins vegar að Fríhöfnin líti á sig og aðra innlenda snyrtivörusala sem keppinauta.

Páll Gunnar tekur fram að samruninn hefði talist skaðlegur þótt Fríhöfnin hefði verið talinn hluti af markaði málsins. – kij

## Aðstoðarmenn í oddvitasæti

**STJÓRNMÁL** Að minnsta kosti tveir aðstoðarmenn ráðherra Sjálfstæðisflokksins eru orðaðir við framboð í 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum. Þetta eru þau Borgar Þór Einarsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir. Borgar er aðstoðarmaður utanríkisráðherra en Svanhildur er aðstoðarmaður forsætisráðherra.

Borgarstjórnarkosningar fara fram næsta vor og eru Sjálfstæðismenn líkt og forystumenn í öðrum stjórnmálaflokkum farnir að huga að því hvernig staðið verður að uppstillingu á lista.

Halldór Halldórsson, núverandi oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, segist hafa gefið yfirlýsingu um það í vor að hann hygðist sækjast áfram eftir oddvitasætinu. – jhh, jóe / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Teitur Björn Einarsson þingmaður skrifar um skattaívilnanir. 16

**SPORT** Enska úrvalsdeildin hefst í kvöld með leik Arsenal og Leicester City á Emirates. 14

**TÍMAMÓT** Árbæjarsafn fagnar 60 ára afmæli í dag. 16

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● FÓLK



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Norðlæg átt, nokkuð stíf á suðausturhorninu og rigning eða súld á norðanverðu landinu fram undir kvöld. Síðdegisskúrir suðaustan til og á Vestfjörðum, en bjart að mestu sunnanlands. SJÁ SÍÐU 18

# Á heimavelli á Íslandi



Japanska landsliðið í handbolta, sem Dagur Sigurðsson stýrir, er statt hér á landi og ef einhver þjóð kann að skemmta sér í karókí eru það Japanir. Það var einmitt það sem landsliðið gerði í gær á KEX hosteli en Dagur hefur vanið komur sínar þangað með sín lið. Í lagabanka KEX telur um 100 lög en það var Sandra Barilli sem stýrði gleðinni og miðað við bros þessara landsliðsmanna tókst henni vel upp – þó þeir væru á töflum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Forsetafrúin fer í skrúðgöngu

**SAMFÉLAG** Tungumálaskrúðganga til að vekja athygli á fjöltyngi og lokum sumarnámskeiðs fyrir börn þar sem fjölbreytni samfélagsins á Ísafirði er fagnað verður farin frá Edinborgarhúsinu í Byggðasafn Vestfjarða í dag klukkan 11.30. Skrúðgangan er opin öllum og boðið verður upp á plokkfisk fyrir utan Tjöruhúsið. Við lok göngunnar munu þátttakendur námskeiðsins fleyta bátum sem þau hafa búið til.

Elíza Reid, forsetafrú, kemur til Ísafjarðar í tilefni dagsins og mun stýra fundi um framtíð sumarskóla þar sem tungumálum og fjölbreytni er fagnað í málörvandi umhverfi. Fimmtán börn sem tala sjö tungumál tóku þátt í námskeiðinu sem er fyrsta skrefið í þróun sumarskóla til að efla málvitund barna. – smj

# Um 10 prósent Íslendinga vilja nú gefa líffæri úr sér

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslendingum sem tekið hafa afstöðu til líffæragjafar hefur fjölgað verulega frá því að líffæragjafavefur Embættis landlæknis var tekinn í notkun í lok október 2014.

Í gær höfðu tæplega 32 þúsund manns samþykkt að gerast líffæragjafar og hefur þeim fjölgað um eitt þúsund í sumar. Í janúar 2015 stóð talan í 12 þúsund manns. Því blasir við að líffæragjöfum hefur fjölgað um 20 þúsund á rúmlega tveimur og hálfu ári. Íslendingar eru 338 þúsund og því lætur nærri að 9,5 prósent Íslendinga hafi tekið afstöðu. Langstærstur hluti þeirra sem tekur afstöðu samþykkir líffæragjöf.

„Við sjáum helstu toppana koma þegar það er mikil umræða í fjölmiðlum,“ segir Jórlaug Heimisdóttir, sérfræðingur hjá Embætti landlæknis.



Æ fleiri vilja gefa líffæri. NORDICPHOTOS/GETTY

Jórlaug segir að um þessar mundir sé verið að flytja grunninn inn í Heilsuveruna, en það er vefsvæði þar sem notandi getur átt í samskiptum við heilbrigðisþjónustuna og nálgast gögn sem eru skráð um hann í heilbrigðiskerfið á Íslandi. – jhh


Grill - Húsgögn
Eldstæði - Útiljós
Hitarar - Aukahlutir
Grillbúðin



Niðurfellanleg hliðarborð
Verð áður 76.900
56.675
25% afsláttur
ÚTSALA
• Afl KW
• 3 bre
• Brenna stáli
• Postuli eldhólf
• Grillgri
• PTS hi
• Tvöfalt einangrað lok
• Postulínsemalerað efri grind
• Hitamælir
• Grillflötur 65 x 44 cm
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
• Yfirbreiðsla og steikarplata úr pottjárni fylgja
Nr. 12935 - Grátt
Gildir 11. - 27. ágúst
Opið virka daga 11-18
Laugardag 11-16
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400


# Stóðhesturinn Grani fékk fyrsta gullið

**Nítján hestar voru fluttir frá Íslandi til Hollands í aðdraganda Heimsmeistaramóts íslenska hestsins. Liðsstjóri Íslendinga segir góðar horfur á sölu hestanna. Stóðhesturinn Grani frá Torfunesbúinu landaði fyrsta íslenska gullinu.**



Grani er fyrsti hesturinn frá Torfunesbúinu í Þingeyjarsveit sem vinnur gullverðlaun á heimsmeistaramóti íslenska hestsins. MYND/ KRIJN BUIJTELAAR

**ÍÞRÓTTIR** Nítján íslensk hross voru flutt til Hollands vegna heimsmeistarakeppni íslenska hestsins sem fer fram í bænum Oirschot þessa dagana. Íslensk lög koma í veg fyrir að þau verði flutt aftur heim og því verða þau öll seld. Páll Bragi Hólmarsson, liðsstjóri íslenska landsliðsins, segir að vel horfi með sölu. „Það er ekki búið að selja þau öll en eitthvað af því er í gerjun og þetta fer allt svolítið af stað þegar byrjað er að keppa. Einhver þeirra voru að fara í læknistékk út af sölu og ég held að það líti nú bara vel út með að það klárist,“ segir Páll Bragi.

Setningarathöfn heimsmeistaramótsins fór fram í fyrradag og í gærmorgun var kynbótasýning á fimm vetra stóðhestum. Þar vann Grani frá Torfunesi til gullverðlauna. Grani er frá ræktunarbúinu Torfunesi og er fyrsti hesturinn þaðan sem vinnur til verðlauna. Hesturinn er núna í eigu hinnar dönsku Cecille Catharina Langvad Færch.

Í gær var keppt í tölti og svo var gæðingaskeið um kvöldið. Páll Bragi segir að mótið gangi vel að mestu. „Menn eru jákvæðir og standa saman í þessu en við tökum bara einn dag í einu. Þetta er allt svona eins og við vildum hafa þetta,“ segir hann. Sigurður V. Matthíasson er einn íslensku þátttakendanna á mótinu. Hann hefur nánast tekið þátt í hverju einasta heimsmeistaramóti allt frá árinu 1993. Hann lætur vel af Hollendingum sem skipuleggjendum. „Það eru frábærar aðstæður hérna og þetta er vel undirbúið hjá þeim, Hollendingar eru að gera þetta vel,“ segir hann.

Íslenski keppendahópurinn samanstendur af sjö fullorðnum knöpum, auk fjögurra annarra heimsmeistara sem eru úti til að verja sína titla, segir Sigurður. Þá taka fimm ungmenni þátt í mótinu. jonhakon@frettabladid.is

## Efstu 5 vetra stóðhestarnir

- Grani frá Torfunesi
- Skinfaxi frá Lysholm í Danmörku
- Klakkur frá Kronshof í Þýskalandi
- Viljar frá Kval í Noregi
- Hróður frá Gröna Gången í Svíþjóð
- Sigur-Greifi frá Panoramahof í Austurríki




## Sá fyrsti sinnar tegundar

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Gagnrýni mannréttindanefnda stungið undir stól

**MANNRÉTTINDI** Niðurstöður mannréttindanefnda Sameinuðu þjóðanna hafa hvorki verið þýddar né birtar af hálfu íslenskra stjórnvalda árum saman. Þetta stríðir gegn tilmælum nefndanna sjálfra. Nefndirnar starfa á grundvelli mannréttindasamninga sem Ísland á aðild að og er aðildarríkjum skylt að eiga reguleg samskipti við þær um stöðu mannréttindaverndar á ýmsum sviðum. Í kjölfar samskiptanna birta nefndirnar niðurstöður með ábendingum til stjórnvalda. Nefndirnar mælast til þess að ríkið þýði niðurstöðurnar og samskiptin á íslensku og kynni rækilega fyrir almenningi í gegnum opinberar vefsíður, fjölmiðla og frjáls félagasamtök. Í tilefni af fyrirspurn Fréttablaðsins var gerð leit í dómsmálaráðuneytinu að íslenskum þýðingum skjalanna og birtingu þeirra á vef ráðuneytisins. Sú leit bar ekki árangur. Þetta staðfestir Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, og segir ekki miklu púðri hafa verið eytt í þýðingar í gegnum árin. – aá



**Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi dómsmálaráðuneytisins.**

## Dæmi um gagnrýni nefndanna:

**Nefnd um efnahagsleg og félagsleg réttindi (ágúst 2012)**
... hafa gripið inn í samningsfrelsi sjómanna og að réttur til atvinnuleysisbóta sé háður skilyrðum.

**Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna (ágúst 2012).**
... að pyndingar hafi ekki verið skilgreindar sem refsivert brot í refsilöggjöfinni.

**Nefnd gegn allri mismunun gegn konum (mars 2016)**
... mörg kynferðisbrotamál eru látin niður falla, skort á tölfræði um sýknur í kynferðisbrotamálum.

# Hetjum hafsins kastað fyrir borð

**SJÁVARÚTVEGUR** Vegna sölu HB Granda á frystitogaranum Þerney RE1 til Suður-Afríku mun tvöföld áhöfn skipsins missa störf sín. Hverju sinni eru 27 í áhöfn Þerneyjar svo framtíð 54 starfsmanna er í uppnámi. Frá þessu greindi HB Grandi á heimasíðu sinni í gær.

Þá segir jafnframt að fyrirtækið muni aðstoða skipverja sem ekki komast í pláss á öðrum skipum félagsins við atvinnuleit eins og kostur er. Þungt hljóð var í starfsfólki eftir fund með forsvarsmönnum fyrirtækisins í gær, að því er RÚV greinir frá.

Þerney verður afhent Sea Harvest Corporation þann 15. nóvember næstkomandi og er söluverðið 1,4 milljarðar íslenskra króna. Skipið var smíðað árið 1992 í Noregi og hefur það verið gert út af HB Granda frá því það kom til Íslands árið 1993. – þea

# Vilja bara eina íbúð af fjörutíu

**SELFOSS** Árborg hefur aðeins áhuga á að eignast eina af þeim um það bil fjörutíu íbúðum sem Íbúðalánasjóður hefur boðið sveitarfélaginu til kaups.

Fram kemur í fundargerð bæjarráðs að flestar íbúðanna séu í útleigu. „Mikill meirihluti eignanna sem boðnar eru hentar ekki sem félagsleg leiguhúsnæði sökum staðsetningar, stærðar, aldurs og/eða viðhaldsþarfar,“ segir bæjarráð sem þó vill vita verð einnar íbúðar sem ekki er í notkun.

„Bæjarráð beinir því til Íbúðalánasjóðs að hætta við uppsagnir á húsaleigusamningum, enda er verulegur skortur á íbúðarhúsnæði til leigu í sveitarfélaginu um þessar mundir og ljóst að þeim einstaklingum og fjölskyldum sem leigja af Íbúðalánasjóði yrði erfitt um vik að verða sér úti um annað leiguhúsnæði,“ segir í bókuninni. – gar

# Tveir aðstoðarmenn orðaðir við oddvitasæti í borgarstjórn

**Líkur eru á því að leiðtogaval Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor fari fram eftir tæpa þrjá mánuði. Borgarfulltrúar, aðstoðarmenn ráðherra og fyrrverandi þingmaður eru meðal þeirra sem orðaðir hafa verið við framboð. Vika er langur tími í pólitík segir núverandi oddviti flokksins í borginni.**

**STJÓRNMÁL** Að minnsta kosti tveir aðstoðarmenn ráðherra Sjálfstæðisflokksins eru orðaðir við framboð í 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum. Þetta eru þau Borgar Þór Einarsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir. Borgar er aðstoðarmaður Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra en Svanhildur er aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra.

Borgarstjórnarkosningar fara fram næsta vor og eru Sjálfstæðismenn líkt og forystumenn í öðrum stjórnmálaflokkum farnir að huga að því hvernig staðið verður að uppstillingu á lista. Fréttablaðið greindi frá því í gær að stjórn fulltrúaráðs Varðar hefði samþykkt að leggja til að fram fari leiðtogaval í aðdraganda kosninganna. Dagsetningin 21. október næstkomandi hefur verið nefnd. Boða þarf til fundar í fulltrúaráðinu og samþykkja tillöguna þar, eigi slík tillaga að verða að veruleika.

„Ég hef íhugað þetta en ekki tekið neina ákvörðun enn þá,“ segir Borgar Þór Einarsson. Ekki liggi fyrir hvenær hann taki endanlega ákvörðun og ljóst sé að dagsetning leiðtogavalsins, standist hún, stytti þann tíma nokkuð. Svanhildur Hólm baðst undan viðtali þegar Fréttablaðið spurði hana hvort hún myndi gefa kost á sér.



**Svanhildur Hólm Valsdóttir** *aðstoðarmaður forsætisráðherra* | **Borgar Þór Einarsson** *aðstoðarmaður utanríkisráðherra* | **Áslaug Friðriksdóttir** *borgarfulltrúi* | **Halldór Halldórsson** *núverandi oddviti* | **Kjartan Magnússon** *borgarfulltrúi*

Halldór Halldórsson, núverandi oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, segist hafa gefið yfirlýsingu um það í vor að hann hygðist sækjast áfram eftir oddvitasætinu. „Það hefur ekkert breyst hjá mér síðan ég gaf þessa yfirlýsingu út í vor, en vika er langur tími í pólitík,“ segir Halldór.

Aðrir núverandi borgarfulltrúar eru einnig að skoða stöðu sína. Þannig hefur Fréttablaðið fengið staðfest að Kjartan Magnússon borgarfulltrúi skoði stöðu sína og það á einnig við um Áslaugu Friðriksdóttur borgarfulltrúa. „Ég er að hugsa málið,“ segir Áslaug en bendir jafnframt á að mál muni væntanlega skýrast betur þegar búið er að ákveða endanlega hvernig verður staðið að vali listans.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Eyþór Arnalds hafa einnig verið nefnd í tengslum við uppstillingu á listanum en Ragnheiður þvertekur algjörlega fyrir það að hún muni gefa kost á sér. Ekki náðist í Eyþór við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

jonhakon@frettabladid.is joli@365.is






# Offita olli veikindum hrossanna

**SAMFÉLAG** Áralangri baráttu bóndans á Kúludalsá lauk nýverið þegar stjórnsýslukæru hans, vegna synjunar Matvælastofnunar um að fjarlægja skýrslu um hross bóndans og illa meðferð ásamt tengdum gögnum og fréttum af heimasíðu sinni, var vísað frá af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Hrossin á Kúludalsá hafa verið veik síðan 2007. Taldi bóndinn að það væri vegna mengunarslyss sem hafi átt sér stað í álveri Norðuráls á Grundartanga þar sem mikið magn flúors barst út í andrúmsloftið. Vildi hann að MAST rannsakaði hrossin.

Árið 2011 afhenti bóndinn þrjú hross til slátrunar og voru líffæri skoðuð, hófar og leggir röntgenskoðaðir, flúor í beinvef og þungmálmarnir blý, kadmín og kvikasilfur í lifur mældir. Komust sérgreinadýralæknir og dýralæknir á tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum að þeirri niðurstöðu að hrossin hefðu veikst fyrst og fremst af offitu og hreyfingarleysi. Við þetta var bóndinn ósáttur og lét gera aðra rannsókn.



**Upphafið má rekja til ágústmánaðar 2006 þegar mikill flúor á að hafa farið út í andrúmsloftið.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sú rannsókn, sem gerð var árið 2013, skilaði allt annarri niðurstöðu og tók hún þrjú ár. Höfundar þeirrar skýrslu töldu nær útilokað að veikindi hrossanna mætti rekja til offóðrunar, hreyfingarleysis eða vankunnáttu í meðferð. Niðurstöður rannsókna á beinum úr hrossum á bænum sýndu fram á mikla flúormengun, en styrkur flúoríðs væri um fjórfaldur á við það sem fyndist í hrossum á ómenguðum svæðum. Brást MAST við með því að setja skýrsluna á vefinn ásamt athugasemdum stofnunarinnar við áliti skýrsluhöfunda.

Bóndinn kærði MAST sem svaraði erindi hans og synjaði beiðninni um að fjarlægja öll gögn um málið af vef stofnunarinnar. Umboðsmaður Alþingis greip þá inn í og lokaði málinu með bréfi í febrúar í ár.

Bóndinn benti meðal annars á í lagarökum sínum að MAST hafi engar rannsóknir á hrossum, innlendum eða erlendum, til að styðjast við en láti tilgátur byggðar á mælingum í norskum dádýrum duga. MAST bendir hins vegar á að ekkert hafi enn komið fram sem bendi til að flúormengun hafi valdið veikindum eða skaða í búfé á svæðinu, hvorki við skoðun eða rannsóknir á hestum á Kúludalsá né í öðru búfé í nágrenninu. – bb




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík Sími 515 7040 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri Sími 515 7050

mazda.is













## Fagnar með flokksmönnum



Amit Shah, nýr öldungadeildarþingmaður Gujarat-fylkis, fagnaði sigri í nýafstöðnum kosningum í gær með stuðningsmönnum flokks síns, BJP. Shah er jafnframt formaður BJP en flokkurinn er í meirihluta á þingi og með sinn mann í forsetaembættinu. Forsætisráðherrann Narendra Modi lét svo um mælt eftir kosningarnar að nú yrði nóg að gera fyrir þingmenn BJP. NORDICPHOTOS/AFP

# Yfirsjón lækna því miður ekki einsdæmi

Formaður Heilaheilla segir hverja sekúndu skipta máli þegar fólk sé með einkenni heilablóðfalls. Sjálfur fékk hann slag daginn eftir að læknir vildi senda hann í jafnvægismælingu. Að meðaltali fá tveir íslendingar slag á hverjum degi.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta er því miður ekki einsdæmi, það hefur komið fyrir að þótt fólk sé með þessi einkenni hafi það fengið afgreiðslu um að bíða eða sjá daginn eftir hvernig líðanin er.

Sem má alls ekki því þetta er bráðameðferð,“ segir Þórir Steingrímsson, formaður Heilaheilla, aðspurður um frásögn Fréttablaðsins í gær um konu sem læknum yfirsást að væri með heilablóðfall eftir að hún hafði verið flutt á bráðamóttöku. Var hún greind með þvagfærasýkingu og send heim með sýklalyf.

Þórir segir að frásagnir af vangreindum einkennum slags hafi komið upp á fundum Heilaheilla en félagið berst fyrir aukinni vitundarvakningu almennings um einkenni heilablóðfalls og hefur meðal annars gefið út smáforritið SLAG sem nálgast má frítt í alla snjallsíma. Að meðaltali fá á hverjum degi tæplega tveir Íslendingar heilablóðfall.



Þórir Steingrímsson, formaður Heilaheilla, segir það ekki einsdæmi að læknar greini ekki heilablóðfall í sjúklingum. Hann lenti sjálfur í því. MYND/EYÞÓR

Þórir segir ljóst af frásögn eiginmanns konunnar í Fréttablaðinu í gær að konan hafi verið með eitt af höfuðeinkennum slags þegar hún var flutt á bráðamóttökuna, lömun í annarri hlið líkamans.

Þó að birtingarform einkenna geti verið mismunandi eftir einstaklingum þá er ljóst að yfirsjón eða mistök við greiningu og meðhöndlun getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

„Sjálfur fór ég til heimilislæknis með einkenni slags. Þau voru svimi, ógleði og ég var valtur. Svo fór að ég var afgreiddur þannig út að ég þyrfti að fara í jafnvægismælingu. Daginn eftir fékk ég slag.“ Þórir kveðst skilja stöðu heilbrigðisstarfsfólks sem starfi undir miklu álagi.

„Þetta getur verið mjög lúmskt, en sjúklingurinn á alltaf að njóta vafans. Hver sekúnda skiptir máli í þessum veikindum.“

mikael@frettabladid.is

# Góðgerðar-mót Ólafíu Þórunnar

**Til styrktar Barnaspítala Hringsins**

Síðastliðinn þriðjudag fór fram góðgerðargolfmót Ólafíu Þórunnar og KPMG til styrktar Barnaspítala Hringsins á Leirdalsvelli Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar.

Á mótinu deildu LPGA kylfingarnir Gaby Lopez, Sandra Gal, Tiffany Joh, Vicky Hurst og Ólafía Þórunn reynslu sinni með þátttakendum. Einnig var ómetanlegt að fá aðstoð íslenskra afrekskylfinga sem jafnframt spiluðu með þátttakendum og lögðu þannig sitt af mörkum til að gera þetta að góðum degi.

Við viljum þakka fyrirtækjum, þátttakendum og sjálfboðaliðum kærlega fyrir þeirra framlag en alls söfnuðust fjórar milljónir króna sem afhentar verða Barnaspítala Hringsins.

KPMG

PÓSTURINN

ÍSAM

ORKAN

ARCTICAFINANCE

Lykill

GKG

vörður

VELKOMIN Í URRIÐAHOLT ÞORPIÐ VIÐ VATNIÐ

Arion banki



# Borgarlögmaður með rúmlega tvöföld mánaðarlaun borgarfulltrúa

**STJÓRNMÁL** Kjartan Magnússon, borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi meirihlutann í borginni harðlega fyrir óvönduð vinnubrögð vegna ráðningar borgarlögmanns í bókun sinni í borgarráði í gær. Hann furðar sig á því að aðeins tveir hafi sótt um embættið sem sé eitt hið mikilvægasta og best launaða innan borgarkerfisins. Staðan hafi aðeins verið auglýst einu sinni í einu dagblaði.

Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið fékk um launakjör borgarlögmanns frá Reykjavíkurborg nema heildarlaun hans 1.391.467 krónum á mánuði. Til samanburðar þá fá borgarfulltrúar nú 633 þúsund krónur á mánuði en borgarstjóri rúmar tvær milljónir króna, að meðtöldum greiðslum fyrir setu í stjórnum á vegum borgarinnar.

Greint var frá því í gær að Ebba Schram hæstaréttarlögmaður hefði verið ráðin í embættið eftir fund borgarráðs í gær. Kjartan var ómyrkur í máli í bókun sinni en annað sem vakti athygli var að forseti borgarstjórnar og fulltrúi VG í borgarráði, Líf Magneudóttir, sat hjá þegar atkvæði voru greidd um ráðninguna.


Kjartan Magnússon


Líf Magneudóttir

Aðspurð segir Líf að hún hafi viljað standa öðruvísi að málum.

„Hjáseta mín endurspeglar ekki óánægju mína með hvor umsækjandinn var valinn og varðar ekki persónu þeirra eða hæfni. Ég get þó sagt að ég hefði viljað standa öðruvísi að ráðningarferlinu sjálfu en fékk ekki nein tækifæri til að hafa áhrif á það. Ýmsu hefði mátt huga betur að þó ég beri fullt traust til þeirra starfsmanna sem komu að þessu og efist ekki um heilindi þeirra.“

Líf segir að hún hefði gjarnan viljað sjá fleiri umsækjendur en ráðningarferli æðstu yfirmanna borgarinnar sé eitthvað sem þurfi að skoða gagngert.

„Það var eitt og annað sem mér fannst ég ekki geta samþykkt svo ég ákvað að sitja hjá og gera ekki mál úr því.“ **mikael@frettabladid.is**

## Var kastað fyrir borð og drukknuðu

**JEMEN** Að minnsta kosti 55 flóttamenn drukknuðu í sjónum skammt undan ströndum Jemens eftir að flóttamannasmyglarar köstuðu þeim fyrir borð. Frá þessu greindi flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna í gær.

Strandgæsla Alþjóðaflóttamannasamtakanna (IOM) fann fimm lík í gær og þá greindu samtökin frá því að um fimmtíu væri saknað.

IOM greindi frá sams konar atviki á miðvikudag. Var þá 51 drekkt í sjónum. Sögðu þau fórnarlömb sem lifðu af að smyglarar hefðu varpað 120 flóttamönnum fyrir borð eftir að hafa talið sig sjá jemenska lögreglumenn nálgast. Meðalaldur farþega var um sextán ár, að því er IOM greinir frá. „Þetta virðingarleysi smyglara fyrir mannslífum er siðferðislega rangt. Hvers virði er líf unglings? Á þessum slóðum getur það verið um hundrað Bandaríkjadala virði,“ sagði William Lacy Swing, framkvæmdastjóri IOM. **– þea**

## Tuttugu tonn eitraðra eggja í Danmörku

**DANMÖRK** Alls hafa tuttugu tonn af eggjum sem voru smituð af skordýraeitrinu Fipronil verið seld í Danmörku undanfarið. Frá þessu greindi matvælastofnun Danmerkur í gær og sagði meirihluta eggjanna hafa verið seldan til kaffihúsa.

Fipronil-egg hafa raunar verið seld víðar í Evrópu undanfarið. Í gær greindi matvælastofnun Bretlands frá því að um 700.000 egg hafi borist til Bretlands frá Hollandi. Sams konar fréttir hafa borist frá Belgíu, Hollandi og Þýskalandi. **– þea**



# Lyfjarisinn Teva vill grynnka á skuldum með sölu á Medis

Ísraelski samheitalyfjarisinn Teva leitar að kaupanda að dótturfélagi sínu Medis. Félagið eignaðist Medis þegar það tók yfir rekstur Actavis Generics, samheitalyfjahluta Actavis, síðasta sumar. Um 85 manns starfa hjá Medis hér á landi. Hlutabréfaverð Teva hefur lækkað um fimmtíu prósent á undanförnum dögum.

**VIÐSKIPTI** Ísraelska samheitalyfjafyrirtækið Teva hefur í hyggju að selja lyfjasölufyrirtækið Medis. Starfsmönnum Medis, sem er til húsa í Hafnarfirði, var tilkynnt um áformin í tölvupósti fyrir um þremur vikum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Um eitt hundrað manns starfa hjá Medis, þar af um 85 hér á landi.

Teva eignaðist Medis þegar fyrirtækið tók yfir Actavis Generics, samheitalyfjahluta Allergan, síðasta sumar. Medis selur lyf og lyfjahugvit Actavis til annarra lyfjafyrirtækja um allan heim eða alls um 190 vörur sem seldar eru í yfir eitt hundrað löndum undir merkjum viðskiptavina Medis. Fyrirtækið var stofnað hér á landi árið 1985.

Forsvarsmenn Teva staðfestu í samtali við fréttaveitu Reuters að ákveðið hafi verið að hefja söluferli á Medis. Samkvæmt heimildum fréttaveitu Bloomberg gæti fyrirtækið verið metið á milli 500 til 1.000 milljónir Bandaríkjadala sem jafngildir um 53 til 106 milljörðum króna.

Ekki náðist í forsvarsmenn Medis við vinnslu fréttarinnar.

Skuldabyrði Teva hefur þyngst verulega eftir að fyrirtækið, sem er umsvifamesti samheitalyfjaframleiðandi í heimi, tók yfir rekstur Actavis, og þar með Medis, í ágúst í fyrra. Kaupverðið var 40,5 milljarðar dala, en skuldir Teva nema nú um 32 milljörðum dala samkvæmt nýju uppgjöri fyrirtækisins sem birt var í síðustu viku. Margir greinendur og fjárfestar telja að Teva hafi greitt of hátt verð fyrir Actavis, að því er segir í frétt Reuters.

Sigurður Óli Ólafsson lét af starfi forstjóra samheitalyfjasviðs Teva í kjölfar yfirtökunnar á Actavis, en hann hafði gegnt forstjórastarfinu frá árinu 2014.

Teva leitar nú leiða til þess að selja eignir og draga úr kostnaði og grynnka þannig á skuldum sínum. Nýverið var greint frá áformum fyrirtækisins um að segja upp sjö þúsund starfsmönnum og loka eða selja fimmtán verksmiðjur víða um heim fyrir árslok.

Hlutabréf í Teva hafa fallið um næstum því fimmtíu prósent í verði frá því að félagið birti uppgjör sitt fyrir annan fjórðung ársins í síðustu viku. Hefur verðið ekki verið lægra síðan árið 2003. Hlutabréfin hafa lækkað um 95 prósent frá því í byrjun árs 2016. **kristinningi@frettabladid.is**


Höfuðstöðvar lyfjasölufélagsins Medis eru í Hafnarfirði, þar sem um 85 manns starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**85**

starfa hjá fyrirtækinu hér á landi en alls eru starfsmenn Medis um 100 talsins.

OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 12. ÁGÚST KL. 11:00 TIL 13:00




Opið hús í Gráhellu 62 á Selfossi
89,5 m² íbúð á kr. 29.900.000,-
91,7 m² íbúð á kr. 30.500.000,-
110,6 m² íbúð á kr. 32.900.000,-

Falleg, ný og viðhaldslétt raðhús í nýju fjölskylduvænu hverfi á Selfossi, skammt frá Sunnulækjarskóla auk þess sem leikskóli, FSu, verslun og íþróttaaðstaða er í göngufæri.
Lóð skilast frágengin með malbikuðu bílastæði framan við hús og baklóð þökulögð.
Um er að ræða vandaðar og skemmtilegar íbúðir sem eru góður kostur fyrir þá sem eru t.d að stíga sín fyrstu skref á íbúðarmarkaðnum eða þá sem vilja minnka við sig og komast í ný og viðhaldslétt hús.

FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR
Austurvegi 6, 2. hæð, Selfossi
Sími 482-4800, 894-2045 (Þorsteinn) og 856-2300 (Árni)
www.arborgir.is - arborgir@arborgir.is

SUMARLEIÐIN
11 GB
ENDALAUST TAL OG SMS
FYRIR AÐEINS
2.590 KR.
Á mánuði
SKRÁÐU ÞIG Á 365.IS
365




# UMVEFÐU ÞIG VIGNALE LÚXUS

Vignale er lúxusútgáfa Ford Kuga, hlaðinn lúxusbúnaði auk einstakra eiginleika Kuga. Afburða dráttargeta, há veghæð og frábærir aksturseiginleikar sameinast í glæsilegri hönnun og þægindum Ford Kuga Vignale.

FORD KUGA VIGNALE AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ

**6.390.000** KR.

FORD KUGA FWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ **4.690.000** KR.

Ford
VIGNALE

- 180 hestafla dísilvél
- 2.100 kg dráttargeta
- Vignale-leður á sætum og mælaborði
- Rafdrifið ökumannssæti með minni
- Veglínuskynjari
- Árekstravörn
- Ökumannsvaki
- 18" Vignale álfelgur
- Vignale útlitskitt
- Apple Carplay og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Bi-Xenon aðalljós
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- 9 Sony hátalarar

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Vignale***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Tækniþróunar-sjóður

Styrkir til nýsköpunar

Umsóknarfrestur til 15. september

Tækniþróunarsjóður styrkir nýsköpunarverkefni sem geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Auglýst er eftir umsóknum í eftirfarandi flokka:

Fyrirtækjastyrkur Sproti

Fyrirtækjastyrkur Vöxtur, Sprettur

Fyrirtækjastyrkur Markaðsstyrkur

Nánari upplýsingar eru á tths.is

Tækniþróunarsjóður

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

rannís www.rannis.is



tv

ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér

365

365ASKRIFT.IS



SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




Ekki er að sjá að íbúar Gvam óttist að ráðist verði á þá. Lífið í borginni Tamuning gekk sinn vanagang í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# ESB frystir fleiri eignir Norður-Kóreumanna

**Evrópusambandið fylgir tilmælum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna vegna eldflaugatilrauna Norður-Kóreumanna. Áætlun um árás á bandarísku eyjuna Gvam á að liggja fyrir á næstu dögum. Íbúar Gvam hafa ekki áhyggjur af árás.**

**NORÐUR-KÓREA** Evrópusambandið tilkynnti í gær að eignir níu Norður-Kóreumanna og fjögurra norðurkóreskra fyrirtækja hefðu verið frystar til viðbótar við þær viðskiptaþvinganir sem eru nú þegar í gildi. Segir í tilkynningunni að það hafi verið gert til að fylgja eftir tilmælum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Þýðir þetta að eignir 62 Norður-Kóreumanna og fimmtíu fyrirtækja og stofnana innan Evrópusambandsins hafa nú verið frystar í samræmi við tilmæli öryggisráðsins. Til viðbótar hefur Evrópusambandið upp á eigin spýtur fryst eignir 41 Norður-Kóreumanns og sjö fyrirtækja og stofnana.

Þessi nýjasta bylgja í Norður-Kóreudeilunni, sem rekja má til eldflaugatilraunar ríkisins í lok júlímánaðar, hélt áfram að vinda upp á sig í gær þegar yfirvöld í Norður-Kóreu tilkynntu að áætlun um fyrirhugaða árás á bandarísku eyjuna Gvam myndi liggja fyrir á allra næstu dögum.

KCNA, ríkissjónvarp Norður-Kóreu, greindi frá því í gær að fjórum Hwasong-12 eldflaugum yrði skotið frá Norður-Kóreu. Myndu eldflaugarnar svífa yfir Japan og loks springa í sjónum um þrjátíu kílómetra frá strönd Gvam.

Bandaríkjamenn eru vitaskuld ekki hrifnir af þessum áformum en auk bandarískra herstöðva búa 163.000 manns á eyjunni. Í gær sagði James Mattis varnarmálaráðherra að kæmi til stríðs myndi Norður-Kórea eiga við ofurefli að etja. Ef af árásinni á Gvam yrði myndi það marka endalok stjórnartíðar einræðisherrans Kims Jong-un.

> Aðgerðir stjórnvalda í Pjongjang ógra öllu svæðinu, meðal annars Japan, sem og öryggi alþjóðasamfélagsins. Þetta verður ekki liðið.
>
> Yoshihide Suga, upplýsingafulltrúi japönsku ríkisstjórnarinnar



Ef marka má fréttaflutning KCNA hafa yfirvöld í Norður-Kóreu þó ekki áhyggjur af slíkum yfirlýsingum. Í gær greindi KCNA frá því að ummæli Donalds Trump Bandaríkjaforseta, þess efnis að Norður-Kóreumenn myndu þurfa að þola eld og brennistein geri þeir árás, væru „algjört rugl“.

„Það er ekki hægt að eiga uppbyggilegar samræður við svona mann. Hann hundsar öll rök,“ segir í frétt KCNA.

BBC greindi frá því í gær að íbúar eyjunnar hefðu þó ekki miklar áhyggjur af hótuninni. Sagði blaðamaðurinn Rupert Wingfield-Hayes að íbúar teldu hótunina ekki raunverulega og að þeir væru sannfærðir um að yfirvöld í Norður-Kóreu áttuðu sig á því að slík árás jafngilti sjálfsvígi ríkisstjórnarinnar.

Þá tjáði Eddie Calvo, ríkisstjóri Gvam, sig um málið á nýjan leik í gær. Sagði hann við Reuters að greina mætti ótta í aðgerðum einræðisríkisins. „Þeir eru að sjónvarpa öllu sem þeir gera núna. Það þýðir að þeir vilja ekki að neinn misskilji þá og ég tel það vera til marks um að þeir séu hræddir,“ sagði Calvo.

Það eru þó fleiri ósáttir við áform Kims en Bandaríkjamenn. Yoshihide Suga, upplýsingafulltrúi japönsku ríkisstjórnarinnar, sagði í gær algjörlega óboðlegt að skjóta eldflaugum í gegnum japanska lofthelgi. „Aðgerðir stjórnvalda í Pjongjang ógra öllu svæðinu, meðal annars Japan, sem og öryggi alþjóðasamfélagsins. Þetta verður ekki liðið.“

Þá sagði varnarmálaráðherrann Itsunori Onodera í gær að löglegt væri fyrir Japana að skjóta niður norðurkóreskar eldflaugar þar sem þær ógnuðu öryggi þjóðarinnar.

thorgnyr@frettabladid.is

# Marktækar kosningar í Keníu

**KENÍA** Erlendir eftirlitsaðilar hafa lýst því yfir að ekki hafi verið brögð í tafli í kenísku kosningunum í vikunni. Nærri öll atkvæði höfðu verið talin í gærkvöldi og féllu rúm 54 prósent talinna atkvæða í forsetakosningunum í skaut sitjandi forseta, Uhuru Kenyatta. Alls kusu 45 prósent Raila Odinga en enginn annar fékk meira en hálft prósent atkvæða.

Odinga lýsti því yfir á miðvikudag að kosningakerfið hefði verið hakkað og að allt liti út fyrir að um mesta kosningasvindl í sögu Keníu væri að ræða. Óháð kosningastjórn Keníumanna (IEBC) lýsti því í kjölfarið yfir að reynt hafi verið að gera árás á tölvukerfið en að sú árás hafi mistekist.



Þessir Keníamenn voru afar ósáttir við úrslit forsetakosninganna. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríski eftirlitsaðilinn Carter Center, með fyrrverandi utanríkisráðherrann John Kerry í fararbroddi, fylgdist með kosningunum. Sagði Kerry á blaðamannafundi í höfuðborginni Naíróbí í gær að ekkert gæfi til kynna að um kosningasvindl væri að ræða. Kosningakerfi IEBC væri gegnsætt og ferlið öruggt.

Samveldið, samtök ríkja sem tilheyrðu breska heimsveldinu, fylgdist einnig náið með kosningunum. Forsprakki eftirlitsteymis þess, John Mahama sem áður var forseti Gana, var á sama máli og Kerry. Sagði hann að hrósa bæri Keníumönnum fyrir framkvæmd kosninganna. – þea



RÝMUM
FYRIR NÝJUM VÖRUM
ILVA
30-50% AF ÖLLUM SUMARVÖRUM
Toranto-hornsófi með sessum. 299.900 kr. Nú 199.900 kr.
Canto-blómapottur. Ø51 cm. Svartur eða grár. 6.495 kr./stk. Nú 4.495 kr./stk.
40%
Funki-sessa. Sessa, ýmsir litir. 40x40x6 cm.1.595 kr. Nú 957 kr.
Borð 30%
Stóll 40%
Vigo-borð. Steypt borð. Ø120 x 75,5 cm. 99.900 kr. Nú 69.900 kr.
Svaneke-stóll. Svartur stóll með fléttaðri setu. 14.900 kr. Nú 8.900 kr.
35%
Copenhagen-stóll með gúmmítré fætur. Ýmsir litir. 19.900 kr. Nú 12.900 kr.
50%
Alexandria-hægindastóll með sessu. 37.900 kr. Nú 18.900 kr.
40%
Summer-eldstæði. Ø75 cm. 16.900 kr. Nú 9.900 kr.
50%
Blossom-sófaborðsett. 3 í setti. 16.900 kr. Nú 7.900 kr.
Copenhagen-ruggustóll. Grár. 29.900 kr. Nú 19.900 kr.
50%
Panama-stóll. Ýmsir litir. 13.900 kr. Nú 8.900 kr.
40%
Cross-sumarborð úr gúmmívið. 150 x 90 cm. 99.900 kr. Nú 59.900 kr.
Nyhavn-stóll. Svartur eða hvítur. 19.900 kr. Nú 11.900 kr.
50%
Eyelet-bakkaborð. Ýmsir litir. Stórt. 39.900 kr. Nú 19.900 kr. Miðstærð. 29.900 kr. Nú 14.900 kr. Lítið. 19.900 kr. Nú 9.900 kr.
50%
Aomani-útiljós
Ø48 x H60 cm. 16.900 kr. Nú 7.900 kr.
Ø48 x H150 cm. 19.900 kr. Nú 9.900 kr.
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30
Netgíró
shoponline

# Gera ekki neitt



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Ef allt væri eðlilegt – núna þegar næstum níu ár eru liðin frá fjármálahruninu – þá hefði íslenska ríkið fyrir löngu hafist handa við að hefja sölu á eignarhlutum sínum í bönkunum. Svo er hins vegar ekki. Þess í stað er ríkið enn alltumlykjandi á fjármálamarkaði en sú fjárhæð sem það er með bundið sem eigið fé í bönkunum nemur um nítján prósentum af landsframleiðslu. Slík staða þekkist hvergi í hinum vestræna heimi. Þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar stjórnvalda um að til standi, þegar hagfelld og æskileg skilyrði eru fyrir hendi, að grynnka á eignarhlutum ríkisins í bankakerfinu hefur ekkert gerst – þvert á móti hafa umsvif þess aukist eftir að Íslandsbanki féll í skaut ríkisins í ársbyrjun 2016.

Ekki verður séð að bankarnir skili skattgreiðendum, sem bera í reynd ábyrgð á rekstri á bankanna, eðlilegri arðsemi af starfsemi sinni. Fram kemur í nýrri skýrslu Bankasýslu ríkisins að þótt arðsemi stóru bankanna af reglulegum rekstri hafi batnað lítillega í fyrra – hún var að meðaltali 6,4 prósent – þá uppfyllir hún ekki arðsemiskröfu ríkisins til lengri tíma litið. Arðsemi bankanna er með öðrum orðum litlu meiri en ávöxtun af áhættulausri fjárfestingu í ríkisskuldabréfum. Ein leið til að bregðast við þessari stöðu væri að ráðast í frekari ráðstafanir til að minnka eigið fé bankana og greiða það út til ríkisins. Þrátt fyrir slíkar aðgerðir yrðu bankarnir eftir sem áður þeir best fjármögnuðu í Evrópu.

Lítil umræða fer samt fram um þann fórnarkostnað sem fylgir því fyrir ríkið að vera með um 500 milljarða bundna sem eigið fé í bönkunum í stað þess að ráðstafa þeim fjármunum, svo dæmi sé tekið, til niðurgreiðslu skulda eða fjárfestingar í innviðum. Ljóst er að hægt væri að lækka árlegar vaxtagreiðslur ríkissjóðs um tugi milljarða með sölu á eignarhlutum í bönkunum. Á það er bent í skýrslu Bankasýslunnar að hlutur ríkissjóðs í eigin fé bankanna sé um 35 prósent af heildarskuldum ríkisins. Í tilfelli annarra evrópskra ríkja sem þurftu einnig að koma bönkum til aðstoðar í alþjóðlegu fjármálakreppunni – Belgíu, Bretlands, Grikklands, Hollands og Írlands – er þetta hlutfall á bilinu 2 til 7 prósent. Ólíkt Íslandi hafa yfirvöld þessara ríkja talið réttast að hefjast handa við að losa um hluti sína í áhættusömum fjármálafyrirtækjum. Íslensk stjórnvöld eru á öðru máli.

Í hartnær átta ár hefur eignarhald á fjármálakerfinu verið annaðhvort í höndum ríkisins eða kröfuhafa gömlu bankanna. Í hvorugu tilfelli getur verið um að ræða æskilega langtímaeigendur að kerfislega mikilvægustu fyrirtækjum landsins. Fyrirhugað hlutafjárútboð og tvíhliða skráning Arion banka – á Íslandi og í Svíþjóð – mun hins vegar breyta þessari mynd. Virkir eigendur munu koma að bankanum, með sýn á hverju þurfi að breyta og hvað að bæta í rekstrinum.

Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir stjórnvöld að vel takist til enda mun skráning Arion banka leggja grunn að verðmyndun annarra íslenskra banka og ryðja brautina fyrir ríkið til að hefja löngu tímabært söluferli á hlutum sínum í Íslandsbanka og Landsbankanum. Ekki er þó ástæða til að gera sér of miklar væntingar. Reynslan hefur sýnt að stjórnvöld hafa ítrekað skilað auðu í þeim efnum og virðast hafa tekið þann pól í hæðina að það sé best að gera ekki neitt. Það er í sjálfu sér ákveðin stefna.

**Reynslan hefur sýnt að íslensk stjórnvöld hafa ítrekað skilað auðu í þeim efnum og virðast hafa tekið þann pól í hæðina að það sé best að gera ekki neitt.**

gæði – þekking – þjónusta
BIÐRAÐAKERFI - FÆRIBÖND - DEIG- & RASPVÉL - BRÝNI
MÁLMLEITARTÆKI - ÁLEGGSHNÍFAR - FLUGNABANAR
HAMBORGARAVÉLAR - KJÖTSAGIR - ROÐFLETTIVÉLAR
HAKKAVÉLAR
Mikið úrval af hakkavélum sem henta stórum og smáum fyrirtækjum
FÁÐU TILBOÐ

pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Broshýri borgarstjórinn**
**Það var flott mynd sem birtist á forsíðu Fréttablaðsins í fyrradag. Þar var borgarstjórinn, Dagur B. Eggertsson, mættur með sína fögru lokka fyrir utan Ráðhúsið með stjórn Hinsegin daga til þess að vekja athygli á upphafi Hinsegin daga og réttindabaráttu samkynhneigðra. Það er auðvitað hið besta mál að Dagur veiti góðum málstað liðsinni. En að sama skapi vekur það athygli margra blaðamanna, og jafnvel fleiri, hversu auðsótt er að ná í Dag þegar hann getur brosað framan í myndavélina en erfitt að ná í sama mann þegar hann þarf að svara krefjandi spurningum um málefni sem tengjast borginni.**

**Samt sterk staða**
**En kannski er þetta klókt hjá Degi. Nú þegar menn eru í startholunum fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar virðist sem enginn borgarfulltrúi njóti meiri persónuvinsælda en hann. Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, leitar logandi ljósi að borgarstjóraefni og virðist enginn augljós kostur vera í stöðunni. Og þótt skoðanakannanir sýni núna stöðu Vinstri grænna sterka fyrir næstu borgarstjórnarkosningar er ljóst að oddviti flokksins er lítt þekktur stjórnmálamaður. Persónuleg staða Dags B. Eggertssonar er því nokkuð sterk þrátt fyrir allt og allt.** jonhakon@frettabladid.is

# Markmiðið er að veita sjúklingum svigrúm



**Teitur Björn Einarsson,**
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Ívilnanir í skattalögum eru ávallt vandmeðfarnar. Af nýlegum fréttum að dæma, af höfnun skattayfirvalda um skattívilnun vegna veikinda manns með krabbamein, er fullt tilefni til að yfirfara lög og reglur sem gilda um heimild Ríkisskattstjóra til að veita skattaívilnun vegna veikinda og skoða nánar skattframkvæmdina í slíkum málum.

Gæta þarf að því að lögin veiti ekki Ríkisskattstjóra of víðtækt svigrúm til matskenndra ákvarðana. Í almennri skattframkvæmd er sérstaklega mikilvægt að tryggt sé að samræmis og jafnræðis sé gætt. Ekkert í lögum gefur til að mynda Ríkisskattstjóra heimild að líta til efnahags einstaklinga við ákvarðanir um ívilnanir þótt líta eigi til gjaldþols. Í lögunum er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um nánari skilyrði um veitingu ívilnana. Mér vitandi hefur það ekki verið gert og er bagalegt að um jafn matskennda stjórnvaldsákvörðun skuli ekki gilda almenn stjórnvaldsfyrirmæli til fyllingar lögunum.

Þá er ástæða til að endurskoða þau skilyrði sem sett eru fyrir heimild til ívilnunar í lögum um tekjuskatt. Þegar um er að ræða slys eða veikindi er skilyrði fyrir ívilnun að slíkt hafi skert gjaldþol manns verulega. Ekki er skilgreint frekar hvað telst veruleg skerðing á gjaldþoli. En þegar um önnur ívilnunarefni er að ræða, eins og menntun barns, framfærslu vandamanna eða eignartjón, þá er áherslan á þann kostnað sem fallið hefur á einstaklinginn af þeim orsökum. Á þessu er nokkur munur og æskilegt væri að meira samræmis gætti í lagaákvæðinu að þessu leyti.

Í áratugi hefur löggjafinn talið ástæðu til að hafa í lögum heimild til ívilnunar vegna alvarlegra veikinda og slysa. Að sama skapi er ljóst að slík heimild er undantekning frá almennri skattframkvæmd og löggjafinn hefur ætlast til þess að farið yrði varlega í sakirnar við veitingu slíkra ívilnana. Það gefur þó skattayfirvöldum ekki heimild til að túlka hin matskenndu tilvik svo svakalega þröngt að markmið laganna, sem er að veita sjúkum örlítið svigrúm frá íþyngjandi skattkröfum ríkisins, verði að engu haft.

**Ekkert í lögum gefur til að mynda Ríkisskattstjóra heimild til að líta til efnahags einstaklinga við ákvarðanir um ívilnanir þótt líta eigi til gjaldþols.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálsson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Pössum upp á þúsundkallana, milljarðarnir passa sig sjálfir

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

**Forréttindahópurinn mun því passa vel upp á tengsl sín við stjórnvöld, styrkja jafnvel vinveitta frambjóðendur og stjórnmálaflokka, og halda úti ýmiss konar áróðri.**

Stundum er grínast um hagfræðinga að þeir séu svo sannfærðir um kreddurnar sínar að þegar þeim er bent á að þær passi illa við raunveruleikann þá séu þeir fljótir að halda því fram að eitthvað hljóti að vera bogið við raunveruleikann, því kenningin sé skotheld.

**Skipulagðir sérhagsmunir**

Hagfræðingar eiga því oft erfitt með horfa upp á ýmiss konar augljóst óhagræði og gengur illa að skilja hvernig það getur viðgengist árum og áratugum saman án þess að „markaðurinn“ einfaldlega „leiðrétti“ það. Dæmi um þetta eru ýmiss konar furðulegheit í tengslum við ríkisstyrki, til dæmis í landbúnaði. Það er skrýtin hagfræði að sá sem kaupir sér lambalæri borgi bara hluta af því en svo borgi allir skattgreiðendur saman hinn hlutann. Samt sem áður eru fjölmörg dæmi um alls kyns opinbera niðurgreiðslu á ýmiss konar starfsemi. Margt af því á sér eðlilegar skýringar og er réttlætanlegt í þágu samfélagslegra hagsmuna, en annað er í raun bara tilfærsla á fé til þess að fjármagna atvinnu, hugðarefni eða áhugamál tiltekinna hópa.

Eðli málsins samkvæmt eru hlunnförnu skattgreiðendurnir alltaf miklu fleiri en þeir sem njóta góðs af sóuninni eða smáspillingunni. Hvernig getur á því staðið að fámennir hópar komist upp með slíkt?

Hagfræðingarnir Gordon Tullock og James Buchanan veltu því fyrir sér upp úr miðri síðustu öld, hvernig stæði á því að kjósendur í lýðræðisríkjum létu bjóða sér að skattfé þeirra væri notað í óþarfar niðurgreiðslur eða jafnvel skaðlega sóun. Ætti hinn „skynsami maður“ ekki fljótlega að átta sig á því og kjósa burt alla þá stjórnmálamenn sem láta eitthvað annað en heildarhagsmuni og réttlæti ráða för?

Niðurstaða þeirra var í raun býsna augljós—en þeim tókst að setja hana í fræðilegan búning svo hagfræðingar gætu tekið örlítið meira tillit til þess raunveruleika sem stangaðist svo harkalega á við kenningarnar. Tullock og Buchanan tókst að taka með í útreikninga sína þá staðreynd að smávægilegar hagsmunir mikils fjölda fólks eru gjarnan fótum troðnir ef þeir stangast á við mjög ríka hagsmuni fámenns hóps.

**Þúsundkallar að milljörðum**

Ef við segjum sem svo að tíu manna hópur á Íslandi gæti með laumulegum eða illgreinanlegum hætti tryggt sér að þúsund krónur á mánuði flyttust til hópsins frá hverjum Íslendingi. Þá hefði sá hópur 3,6 milljarða upp úr krafsinu á hverju ári. Þúsundkallinn sem fólk lætur af hendi hverfur einhvern veginn með öllu hinu úr heimilisbókhaldi almennings; en fámennisklíkuna munar svo sannarlega um milljarðana. Fámenni hópurinn væri því tilbúinn að leggja mikið á sig til þess að passa upp á milljarðana á meðan venjulegt fólk hefur margt annað betra við tíma sinn að gera heldur en að fjargviðrast yfir þúsundkallinum. Forréttindahópurinn mun því passa vel upp á tengsl sín við stjórnvöld, styrkja jafnvel vinveitta frambjóðendur og stjórnmálaflokka, og halda úti ýmiss konar áróðri.

Venjulegir borgarar eiga ekki aðeins erfitt með að verjast því óréttlæti sem felst í óhagkvæmum tilfærslum fjármuna á vettvangi stjórnmála. Við erum líka fremur berskjölduð gagnvart ýmsu sem fyrirtæki og talsmenn þeirra halda fram. Að einhverju leyti eiga lög, reglur og eftirlitsstofnanir að vernda almenning fyrir hvers konar svindli, en eins og rakið er hér að framan er alls ekki hægt að treysta í blindni á stjórnvöld í þeim efnum. Stór fyrirtæki og stór iðnaður eiga miklu greiðari aðgang að stjórnmálamönnum og stjórnkerfinu heldur en hinn óskipulagði almenningur sem hugsanlega er hlunnfarinn.

**Göngum í Neytendasamtökin**

Og kemur þá að tilgangi þessara vangaveltna. Hvað er til ráða?

Fjölmiðlar geta veitt mikilvægt aðhald, því þeir eru í aðstöðu til þess að lyfta almenningshagsmunum í sviðsljósið ef á þeim er troðið. Aðgangsharðir blaðamenn sem velgja valdhöfum og hagsmunasamtökum undir uggum eru mikilvægari fyrir lýðræðið heldur en flestir alþingismenn. Þess vegna er mikilvægt að fólk sé duglegt við að kaupa, lesa og styrkja fjölmiðla; jafnvel þá sem það er ósammála.

En almenningur á líka önnur ráð. Samtök neytenda eru líklega einhver kraftmesti vettvangur sem völ er á til þess að sporna gegn yfirburðastöðu valdhafa, sérhagsmunahópa og stórfyrirtækja. Það er því verulegt áhyggjuefni að Neytendasamtökin skuli vera í ólestri; það er ekki bara mál þeirra sem þar eru í forystu heldur okkar allra. Neytendasamtökin nutu þeirrar gæfu að hafa í forystu sinni Jóhannes Gunnarsson í rúman aldarfjórðung en eru nú stórsködduð eftir valdabrölt.

Það er mikið hagsmunamál alls almennings að samtökin rétti úr kútnum, finni sér góða forystu—en ekki síst að sem flestir Íslendingar gangi til liðs við samtökin. Það eru frjáls og óháð félagasamtök af þessu tagi sem einna helst geta passað upp á að þúsundkallarnir úr launaumslögunum okkar fljóti ekki í vasa skipulagðra forréttindahópa og að þeir sem reyna að svindla á neytendum fái raunverulegt aðhald.

Skoda Octavia Limo G-TEC / Beinskiptur
KJARAKAUP 2.890.000 kr.
Fullt verð: 3.350.000 kr.
Afsláttur
460.000 kr.
HEKLA



KJARAKAUP

Nú er tækifærið að fá sér nýjan bíl!

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Mitsubishi og Audi.

VW Polo CrossPolo 1.4 TDI / Dísil / Beinskiptur
KJARAKAUP 2.890.000 kr.
Fullt verð: 3.390.000 kr.
Afsláttur
500.000 kr.
TAKMARKAÐ MAGN



Skoda Superb Combi Ambition 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / 150 hö
KJARAKAUP 4.890.000 kr.
Fullt verð: 5.700.000 kr.
Afsláttur
810.000 kr.
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



VW Polo Comfortline Beats 1.2 TSI / Bensín / Sjálfskiptur / 300 vatta Beats-hljómflutningskerfi úr smiðju Dr. Dre.
KJARAKAUP 2.790.000 kr.
Fullt verð: 3.130.000 kr.
Afsláttur
340.000 kr.



VW Multivan Highline 2.2 TDI / Fjórhjóladrifinn / Dísil / Sjálfskiptur / 204 hö
KJARAKAUP 9.999.990 kr.
Fullt verð: 11.530.000 kr.
Afsláttur
1.530.010 kr.
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!



VW Golf Trendline Variant 1.6 TDI / Fjórhjóladrifinn / Dísil / Beinskiptur
KJARAKAUP 3.570.000 kr.
Fullt verð: 4.170.000 kr.
Afsláttur
600.000 kr.
NÝIR BÍLAR



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. *Fimm ára ábyrgð gildir ekki með atvinnubílum.

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



# Manchester er miðpunkturinn á ný í baráttunni um titilinn

Enska úrvalsdeildin hefst í kvöld og það með sögulegum föstudagsleik þegar Arsenal tekur á móti Leicester City. Chelsea vann titilinn á síðasta tímabili en flestir spekingar eru á því að baráttan í ár verði á milli City og United.



Knattspyrnustjórar Manchester-liðanna, Jose Mourinho og Pep Guardiola. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Manchester hefur eignast fimmtán Englandsmeistara í 25 ára sögu ensku úrvalsdeildarinnar. Miklar líkur eru á því að sextándi meistaratitill borgarinnar bætist í hópinn næsta vor.

Það spáðu margir mögnuðu einvígi á milli City og United þegar knattspyrnustjórarnir Pep Guardiola og José Mourinho mættu til borgarinnar fyrir einu ári. Fyrsta tímabil þeirra beggja var aftur á móti vonbrigði. City byrjaði frábærlega með sex sigra í fyrstu sex leikjunum en var síðan komið alla leið niður í fimmta sæti í janúar og var aldrei með fyrir alvöru í meistarabaráttunni eftir það.

Manchester United bjargaði tímabilinu með sigri í Evrópudeildinni sem gaf liðinu sæti í Meistaradeildinni á ný en frammistaða liðsins í úrvalsdeildinni voru vonbrigði þar sem liðið endaði í 6. sæti og var 24 stigum á eftir meisturum Chelsea.

Nú hafa þessir tveir sigursælu stjórar mótað liðin sín betur að eigin stíl auk þess sem þeir hafa báðir eytt háum upphæðum í spennandi leikmenn. Ekkert lið í deildinni hefur styrkt sig í líkingu við Man. City og United er ekki langt á eftir.

Manchester-borg hefur ekki átt Englandsmeistara í að verða fjögur ár sem er lengsta bið eftir titli í borginni síðan 2003-2007. Takist United og City ekki að vinna í ár verður það í fyrsta sinn í 25 ára sögu ensku úrvalsdeildarinnar sem hvorugt Manchester-liðið vinnur titilinn fjögur tímabil í röð.

Talsverðar líkur eru á því að Guardiola takist það sem honum tókst bæði hjá Barcelona á Spáni og Bayern München í Þýskalandi eða að búa til langbesta lið deildarinnar. Það gæti vel farið svo að Manchester City stingi af, liðið hefur bæði stjórann og mannskapinn til þess.

Englandsmeistarar Chelsea eiga titil að verja en þetta hefur verið skrýtið sumar á Brúnni og litlir meistaratakta á markaðnum. Liðið er búið að missa fyrirliðann (John Terry), akkerið á miðjunni (Nemanja Matic) og markahæsta leikmanninn (Diego Costa). Það er enginn búinn að gleyma hvernig síðasta titilvörnin gekk hjá Chelsea (José Mourinho rekinn í desember). Reynslan sem er runnin út um dyrnar í sumar boðar ekki gott að mati flestra spekinga. Það býst enginn við Leicester-hruni eins og fyrir ári en það gæti orðið basl á Brúnni.

Hin þrjú liðin inn á topp fimm, Tottenham, Liverpool og Arsenal, hafa átt í vök að verjast í sumar þar sem mikill áhugi hefur verið á bestu leikmönnum liðsins. Philippe Coutinho er enn í Liverpool, Alexis Sánchez er enn í Arsenal og Dele Alli er enn í Tottenham en hve lengi. Stóru liðin þurfa ekki að selja sína bestu menn og stjórar þessara liða vilja ekki vera í hópi liðanna sem helst ekki á sínum toppmönnum. Ekkert liðanna hefur unnið enska meistaratitilinn í langan tíma en þau hafa hins vegar öll endað í öðru sæti á síðustu fjórum tímabilum. Meistaradeildarsæti virðist þó vera raunhæfara markmið en meistaratitill í vetur.

Liverpool hefur verið duglegra en hin tvö að styrkja sig en náði ekki að landa tveimur stórum bitum sem hefðu styrkt varnarleik liðsins mikið. Tottenham er uppfullt af ungum spennandi leikmönnum sem eru enn að bæta sig en hjá Arsenal er stærsta spurningin hvort það verður ofan á hjá stuðningsmönnum félagsins, að pirra sig yfir þrjósku Wengers eða sameinast að baki sínu liði.

Gylfa-málið heldur tveimur félögum í hálfgerðri gíslingu en ekkert hefur gengið hjá Everton að ná samkomulagi við Swansea City. Gylfi er helsta ástæðan fyrir því að Swansea hefur bjargað sér frá falli tvö ár í röð og án hans er fall alveg eins líklegt. Everton hefur styrkt sig í sumar og heimkoma Waynes Rooney er spennandi. Bæti þeir íslenskulandsliðsstjörnunni í holuna gætu mjög góðir hlutir gerst.

Í fyrsta sinn hefst enska úrvalsdeildin á föstudagskvöldi en Arsenal tekur á móti Leicester City klukkan 18.45 í kvöld í beinni á Stöð 2 Sport.

ooj@frettabladid.is

## Ísland og 25 ára saga ensku úrvalsdeildarinnar

Enska úrvalsdeildin fagnar 25 ára afmæli sínu um þessar mundir og það er því ekki úr vegi að skoða þátttöku íslenskra knattspyrnumanna í deildinni á þessum aldarfjórðungi. Hér fyrir neðan eru nokkrar íslenskar staðreyndir um ensku úrvalsdeildina frá 1992 til 2017.

**31. ágúst 1992**
Þorvaldur Örlygsson er fyrsti Íslendingurinn til að spila í ensku úrvalsdeildinni þegar hann spilaði allar 90 mínúturnar í 3-1 tapi Nott. Forest á móti Norwich á Carrow Road.

**16. janúar 1993**
Þorvaldur Örlygsson er fyrsti Íslendingurinn sem skorar í ensku úrvalsdeildinni þegar hann innsiglar 3-0 sigur Nottingham Forest á Chelsea á City Ground fimm mínútum eftir að hann kom inn á.




**332** Hermann Hreiðarsson er sá Íslendingur sem hefur spilað flesta leiki í ensku úrvalsdeildinni en hann lék ellefu tímabil í deildinni með liðunum Crystal Palace, Wimbledon, Ipswich, Charlton og Portsmouth.

**55** Eiður Smári Guðjohnsen er sá Íslendingur sem hefur skorað flest mörk í ensku úrvalsdeildinni fyrir Chelsea (54) og Tottenham (1).

**33** Gylfi Þór Sigurðsson er sá Íslendingur sem hefur gefið flestar stoðsendingar í ensku úrvalsdeildinni.

**2** Tveir íslenskir leikmenn hafa náð að skora í sínum fyrsta leik í ensku úrvalsdeildinni en það eru Heiðar Helguson með Watford á móti Liverpool 15. janúar 2000 og Jóhannes Karl Guðjónsson með Aston Villa á móti Middlesbrough 28. janúar 2003.

### Pepsi-deild kvenna

**Þór /KA - Fylkir 3-3**
1-0 Sandra Mayor, víti (42.), 1-1 Kaitlyn Johnson (43.), 1-2 Johnson (44.), 1-3 Caragh Milligan (51.), 2-3 Sandra María Jessen (86.), 3-3 Sandra Mayor (89.).

**Stjarnan - ÍBV 2-2**
0-1 Kristín Sigurlásdóttir (45.), 1-1 Katrín Ásbjörnsdóttir (53.), 2-1 Katrín, víti (74.), 2-2 Sigríður Lára Garðarsdóttir, víti (89.).

**Grindavík - KR 1-3**
0-1 Guðrún Karítas Sigurðardóttir (2.), 1-1 Carolina Mendes (10.), 1-2 Katrín Ómarsdóttir (55.), 1-3 Sigríður María S. Sigurðardóttir (61.).

**Valur - Breiðablik 2-0**
1-0 Hlín Eiríksdóttir (14.), 2-0 Elín Metta Jensen (75.).

### Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þór/KA | 12 | 10 | 2 | 0 | 28 - 8 | 32 |
| Stjarnan | 13 | 8 | 3 | 2 | 32 - 12 | 27 |
| ÍBV | 12 | 8 | 2 | 2 | 25 - 11 | 26 |
| Breiðablik | 12 | 8 | 0 | 4 | 27 - 8 | 24 |
| Valur | 12 | 7 | 1 | 4 | 29 - 13 | 22 |
| FH | 11 | 5 | 0 | 6 | 12 - 17 | 15 |
| Grindavík | 13 | 4 | 1 | 8 | 11 - 33 | 13 |
| KR | 12 | 3 | 0 | 9 | 10 - 28 | 9 |
| Fylkir | 11 | 1 | 2 | 8 | 8 - 25 | 4 |
| Haukar | 12 | 0 | 1 | 11 | 6 - 33 | 1 |

**RAMÚNE Í STJÖRNUNA**



Ramúne Pekarskyté skrifaði í gær undir samning við bikarmeistara Stjörnunnar. Ramúne kemur til Stjörnunnar frá Haukum sem hún hefur alltaf leikið með hér á landi. „Ég var að leita eftir breytingu og var ánægð með að Stjarnan bauð mér samning,“ sagði Ramúne í samtali við Fréttablaðið eftir undirritunina í gær.

**GYLFI EKKI MEÐ UM HELGINA**

Paul Clement, knattspyrnustjóri Swansea City, gaf það út á blaðamannafundi í gær að Gylfi Þór Sigurðsson yrði ekki í leikmannahópi Swansea á móti Southampton í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar. Viðræður Swansea og Everton um kaup á Gylfa halda áfram og búast báðir stjórar við því að Gylfi fari til Everton á endanum.

**KOMST EKKI Í UNDANÚRSLIT**

Aníta Hinriksdóttir komst ekki í undanúrslit í 800 metra hlaupi á HM í frjálsum íþróttum í London í gær. Aníta kom fjórða í mark í sínum riðli í undanrásunum á 2:03,45 mínútum. Í heildina endaði Aníta í 37. sæti. Þetta er annað heimsmeistaramót fullorðinna sem Aníta keppir á. Hún var einnig á meðal þátttakenda á HM í Peking fyrir tveimur árum en komst þá ekki áfram í undanúrslit.




### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | PGA-risamótið | Golfstöðin |
| 18.35 | Arsenal - Leicester | Sport |
| 19.05 | Keflavík - Þróttur | Sport 2 |
| 20.45 | Pepsi-mörk kvenna | Sport |

**Inkasso-deildin**

| | |
|---|---|
| 18.00 | Þór Ak. - ÍR |
| 19.15 | Keflavík - Þróttur R. |
| 19.15 | Leiknir R. - Fylkir |
| 19.15 | Grótta - Haukar |




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Gamlar rætur Árbæjarsafns blómstra í breyttri borg

**Árbæjarsafn á 60 ára afmæli í dag, en það var hinn 11. ágúst árið 1957 sem fáni var dreginn að húni við safnið í fyrsta sinn og gestir boðnir velkomnir.**

Árbæjarsafn á sér langa og merka sögu. Bæjaryfirvöld ákváðu á sínum tíma að endurbyggja Árbæ og að komið yrði upp safni gamalla húsa. Húsin sem nú mynda Árbæjarsafn voru flest flutt úr miðbæ Reykjavíkur, en fyrsta flutningshúsið var Smiðshús, sem var flutt þangað árið 1960. Ári síðar kom Dillonshús. Auk Árbæjar skipa nú um 20 hús frá ýmsum tímabilum safnið. Árbæjarhverfi var ekki byggt á þessum tíma. Í dag er Árbæjarsafn minnisvarði um lifnaðarhætti fyrri tíma, þar sem nútímaborgin Reykjavík breiðir úr sér allt um kring.

„Þetta er lykilatriði fyrir útisöfn, sérkenni þeirra eru tilfinningar, hughrif og skynjun, frekar en að lesa texta eða eitthvað slíkt,“ segir Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns. „Það hefur sýnt sig að bæði kann fólk að meta það að fá að taka þátt í starfsemi safnsins og lærir líka mikið á því. Til dæmis það að slá með orfi og ljá, það er erfitt að útskýra það en við getum boðið gestum að prófa það.“


**Árbæjarsafn er þó ekki aðeins staður þar sem hægt er að rifja upp og kynnast fyrri tímum heldur er safnið einnig lifandi vettvangur rannsókna.**

Árbæjarsafn er þó ekki aðeins vettvangur til að rifja upp og kynnast fyrri tímum. Safnið er lifandi vettvangur rannsókna. Á síðasta ári voru grafnir skurðir á gamla bæjarstæði Árbæjar og leiddi sú rannsókn í ljós mannvirki sem voru reist fyrir árið 1226.

„Rætur Árbæjar eru mjög gamlar,“ segir Guðbrandur. „Þarna erum við í vernduðu umhverfi og það er mjög sérstakt að vera að gera rannsóknir inni á safninu, þannig að við flýtum okkur hægt og getum þannig leyft fólki að fræðast og fylgjast með fornleifafræðingum vinna.“

Þegar framtíð Árbæjarsafns er annars vegar segir Guðbrandur að nú sé horft til Elliðaárdals og að mögulega tengja safnið og þessa náttúruperlu höfuðborgarsvæðisins með göngu- og hjólaleiðum. „Það eru ýmsar fornminjar í dalnum. Þannig að það má segja að við setjum það á oddinn að tengja dalinn frekar við Árbæjarsafn.“

Vegleg afmælishátíð Árbæjarsafns hefst á morgun og stendur alla helgina. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri setur hátíðina formlega klukkan 19.57. Á laugardaginn geta börn komið með litla dýrgripi, passlega í eina fiskibolludós eða svo, til að geyma á safninu til næstu 40 ára. Á sunnudaginn eru gestir síðan hvattir til að mæta í fatnaði í anda sjötta áratugarins. Eliza Reid forsetafrú mun ávarpa gesti og setja keppnina, en vegleg verðlaun eru í boði.

**kjartanh@frettabladid.is**

---



✝

Faðir minn, tengdafaðir og afi,

**Ingvar Níelsson**

verður jarðsunginn frá Lindakirkju mánudaginn 14. ágúst klukkan 11.00.

**Borghildur Ingvarsdóttir** **Sigurpáll Jónsson**
**Anna Kristín, Sigurbjörg, Ingunn og Margrét Sigurpálsdætur og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Vilhjálms Árnasonar**

áður til heimilis að Sóleyjarima 3.

**Helga Vilhjálmsdóttir** **Sigurjón Gunnarsson**
**Gunnar Snorri Valdimarsson**
**Vilhjálmur Þór Sigurjónsson**
**Gunnar Ásgeir Sigurjónsson**
**Stefán Sigurjónsson og fjölskyldur.**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**Kjartans G. Magnússonar**

Hjallanesi 2, Landsveit,

sem lést 13. júlí síðastliðinn.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Elínborg Sváfnisdóttir**
**Anna Elín, Elsa Dóróthea, Kristín Rós,**
**Sigurlinn, Magnús Grétar og fjölskyldur.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir og fósturfaðir,

**Þorkell Indriðason**
**(Keli í hf)**

verkstjóri og sjómaður,
Njarðarvöllum 6, Njarðvík,
áður að Melteigi 4, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja að kvöldi 7. ágúst sl.

**Unnur Óskarsdóttir**
**Sigurður Þorkelsson**
**Louise Steindal Webb**
**Marteinn Webb**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Sigríður Helgadóttir**

Hrafnistu í Reykjavík,
áður Árskógum 6,

lést þriðjudaginn 8. ágúst á Hrafnistu. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Hörður Magnússon** **Gunnhildur Snorradóttir**
**Halldóra Sigurjónsdóttir**
**Þuríður Sigurjónsdóttir** **Júlíus Bernburg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Kær bróðir okkar, mágur og frændi,

**Hörður Rafn Sigurðsson**

Álfhólsvegi 49, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut laugardaginn 29. júlí sl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju 18. ágúst kl. 11.00.

**F.h. aðstandenda,**
**Hafsteinn Sigurðsson** **Guðmunda Þorláksdóttir**
**Gunndór Ísdal Sigurðsson** **Guðrún Skúladóttir**
**Valþór Bjarni Sigurðsson** **Guðrún Magnúsdóttir**

---

✝

**Ebeneser Þorláksson**

Merkjateigi 7, Mosfellsbæ,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 20. júlí. Útför hans fór fram í kyrrþey 3. ágúst.

**f.h. aðstandenda,**
**Erling Aspelund**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**Ingólfs Sigurðssonar**

fv. skipstjóra,
Mýrarvegi 113, Akureyri.

**Elínborg Ingólfsdóttir** **Magnús Þórðarson**
**Magnús Ingólfsson** **Sólveig Erlendsdóttir**
**Ragnhildur Ingólfsdóttir** **Samúel Jóhannsson**
**Þórdís Ingólfsdóttir**
**Sölvi Ingólfsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Gunnlaugar Sæunnar Antonsdóttur** (Lólóar)

Rósakoti,
Reykjamörk 13, Hveragerði.

**Björn Anton Eiríksson** **Gabi Rech**
**Kristín Eiríksdóttir** **Sveinn Kristinsson**
**Jón Eyþór Eiríksson** **Elín Magnea Óskarsdóttir**
**Páll Kjartan Eiríksson** **Harpa Katrín Sigurðardóttir**
**Sverrir Eiríksson** **Ásdís Ómarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elsku mamma okkar, tengdamamma og amma,

**Sigríður Sigurðardóttir**

lést á líknardeild Landspítala sunnudaginn 30. júlí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 11. ágúst kl. 13.

Fjölskyldan vill þakka starfsfólki líknardeildar fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Birna Helgadóttir** **Rögnvaldur Sæmundsson**
**Tryggvi Helgason** **Ásta Katrín Hannesdóttir**
**Halla Helgadóttir** **Snorri Sigurðarson**
**Kristbjörn Helgason** **Inga María Leifsdóttir**
**og barnabörnin Sæmundur, Sölvi, Kári, Auður Halla, Egill Smári, Yrsa, Styrmir, Ragna, Þórdís, Helgi Týr, Júlía Helga, Jakob Leifur og Jóel Benedikt**

---



✝

Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför hjartkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Valgerðar Á. Blandon**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Miklatorgi, Hrafnistu í Reykjavík fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Ingibjörg Unnur Guðnadóttir** **Ragnar Sigurðsson**
**Valgerður Selma Guðnadóttir** **Guðbjörn Björgólfsson**
**Þorbjörg G. Blandon** **Helgi Svavar Reimarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 11. ÁGÚST 2017



Sigurður Heimir Guðjónsson er framkvæmdastjóri, framleiðandi og formaður DragSúgs sem hefur staðið fyrir dragsýningum mánaðarlega í næstum tvö ár.

# Pankynhneigð dragdíva sigrar heiminn

Sigurður Heimir Guðjónsson er formaður, framkvæmdastjóri og framleiðandi. Gógó Starr er dragdrottning, boylesque-listamaður og díva. Saman hafa þau séð og sigrað á Íslandi og í New York og heimurinn bíður. →2



**Víkingafélagið Rimmugýgur fagnar 20 ára afmæli með veglegri víkingahátíð í Hafnarfirði um helgina.**

lífsstíll →4



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Sigurður Heimir er 23 ára, fæddur og uppalinn á Akureyri. „Og þar byrjaði ég í draginu með leikfélagi VMA. Svo stofnaði vinahópurinn minn til dragkeppni Norðurlands og þar tók ég þátt með ýmsa karaktera og vann með atriði þar sem ég var með lög með Lady Gaga. Þá kallaði ég mig Gógó því mig langaði í íslenskt nafn sem myndi samt virka á erlendum markaði. Síðan fannst mér vanta eftirnafn og ég hef alltaf horft á mig sem stjörnu svo ég kalla mig Starr. Með tveimur errum svo það virki eins og nafn!“

Sigurður flutti suður eftir stúdentspróf undir lok sumars 2014 og árið eftir sigraði Gógó Starr svo í Dragkeppni Íslands. Í kjölfarið stofnaði hann DragSúg með Hafsteini Himinljóma Regínusyni og Þórhalli Hafþórssyni. Fyrsta DragSúgskvöldið var haldið í nóvember 2015 og hefur verið mánaðarlega síðan. Sigurður er formaður og rekur batteríið ásamt Hafsteini Himinljóma. „Ég er svo innilega stoltur af DragSúgi. Erlendis er dragsenan eiginlega bara drottningar en við erum bæði mjög ólíkar dragdrottningar, dragkóngar sem eru fáránlega mismunandi, Bio Queens sem eru kvenkyns dragdrottningar og líka mismunandi kynflæðandi (gender fluid) listamenn sem vilja ekki endilega láta skilgreina sig eftir kyni. Gerðu þína list og deildu henni á sviðinu með okkur. Svo framarlega sem hún er skemmtileg máttu vera með.“

## Hrífst af einstaklingum

Sigurður kom út þegar hann var sextán ára. „Ég hélt alltaf að ég væri eitthvað sjúklega spes því ég var hrifinn af bæði stelpum og strákum. Ég vissi að það var hægt að vera samkynhneigður og gagnkynhneigður en ég vissi ekki að það væri neitt meira í boði. Svo heyrði ég talað um tvíkynhneigð í fræðslu á unglingastigi í grunnskóla frá HIN, Hinsegin samtökum á Norðurlandi og hugsaði, vá þetta meikar svo mikinn sens og þá átta ég mig á því hver ég er.“ Sem er? „Í dag myndi ég segja að ég væri pankynhneigður. Sem er þannig lagað séð svipað og að vera tvíkynhneigður að því leyti að ég hrífst af einstaklingum en ekki líffæruppsetningu en geri ráð fyrir því að það séu til fleiri kyn en karl- og kvenkyn.“

Hann segist ekki hafa haft margar fyrirmyndir á sínum aldri á Akureyri þegar hann var að vaxa úr grasi. „Páll Óskar var auðvitað til en þó mér fyndist hann alltaf æðislegur var hann bæði eldri en ég og svo langt í burtu. Aðrar fyrirmyndir sem voru nær mér voru ekki í boði. Mig langar að vera fyrirmynd fyrir einhverja krakka ef ég get. Þess vegna finnst mér rosalega gaman að krakkar séu að fylgja mér og Gógó Starr á samfélagsmiðlum og reyni að haga mér þannig þar að það sé bara jákvætt og til fyrirmyndar þó DragSúgur og kabarettsenan sé kannski ekki endilega fyrir börn.“

## Senan þrífst á vináttu og samvinnu

Sigurður er með mörg járn í eldinum en auk þess að starfa með DragSúgi hefur hann komið fram með ýmsum öðrum hópum í hinni nýju og blómstrandi kabarettsenu í Reykjavík. „Ég hef komið fram með Reykjavík Kabarett og burlesquehópnum Dömur og Herrar sem spratt upp úr námskeiði sem Margrét Erla Maack hélt í Kramhúsinu í vor. Svo tók ég þátt í Rauða skáldahúsinu, sem er mjög skemmtilegt konsept og var líka í kabarettsýningu á Rosenberg hjá kanadískri kabarettdívu. Og fleira og fleira. Þetta er samfélag fjöllistahópa sem tengist allt innbyrðis og það er lítið mál að fara á milli. Ég og fleiri úr DragSúgi höfum komið fram með Reykjavík Kabarett, Miss Mokka og Ungfrú Hringaná frá Reykjavík Kabarett hafa komið fram á DragSúgskvöldum, þessi sena þrífst á samvinnu og vináttu. Allir vilja gera vel og koma fram eins oft og þeir geta, deila sinni list og tjáningu með heiminum og heimurinn vill hlusta.“



Gógó Starr í sínu fínasta pússi enda hátíð í bæ. MYND/ BEN STROTHMAN

## Gaman að leika með kyngervi

Alþjóðlega nafnið Gógó Starr kom sér vel í sumar á sýningarferðalagi til New York, San Francisco og Los Angeles. „Mér var boðið að koma fram á Slipper Room klúbbnum í New York í gegnum tenginguna við Reykjavík Kabarett og þó aðallega Margréti Erlu Maack sem kemur oft fram þar. Og ég hugsaði með mér, fyrst ég var hvort sem er að fara með allt draslið með mér út, hvort ég gæti ekki komið fram á fleiri stöðum. Ég fór bæði með dragatriði og boylesque en boylesque er í rauninni burlesque fyrir karlmenn, dans, stripp og þessi leikur með kynlífsvísanir.“ Boltinn byrjaði að rúlla og ferðalagið lengdist stöðugt og varði í sex vikur. „Ég var bókaður á klúbbum bæði á austur- og vesturströndinni og langaði sko ekkert að koma heim. Ég er búinn að koma fram hér heima með ný atriði svo til mánaðarlega í næstum tvö ár og auðvitað hefur mér stundum fundist ég vera að staðna. Þá er rosalega gaman að vera þessi nýi og ferski með atriði sem eru ólík öllu sem áhorfendur hafa séð áður.“

En hvað er það sem Gógó Starr gerir helst? „ Mér finnst ofsalega gaman að leika með kyngervi, blanda saman hinu kvenlega og karlmannlega, vera kannski í fullri dragmálningu en í kjólfötum, vera kvenmálaður strákur eða uppstíluð dragdrottning sem hreyfir sig karlmannlega eða er með smá skeggbrodda. Pæla í hvað er sexý, brjóta það niður og grínast svo með það.“



Gógó Starr á Slipper Room klúbbnum í New York. MYND/BJARNI ÓSKARSSON

## Dragdrottning og dansmær fara á flakk

Sigurður Heimir og Margrét Erla Maack ætla sér stóra hluti næsta sumar. „Við Margrét vorum bókuð á sama kvöld á Slipper Room fyrir einstaka tilviljun sem var ótrúlega skemmtilegt. Og þegar það var búið þá sögðum við: nú erum við búin að koma fram á Íslandi og í New York, hvað með að taka yfir Evrópu?“ Þau eru bæði þekkt fyrir að standa við orð sín og nú stendur yfir söfnun á Karolinafund þar sem aðdáendur og velunnarar geta stutt við Evrópuferðalag dansmeyjar og dragstjörnu og hægt að finna söfnunina á Facebook-síðum Gógó Starr og Miss Mokka.

Ýmis verkefni eru í nánari framtíð. „Í kvöld verður stórsýningin DragSúgur Extravaganza í Iðnó í tilefni Hinsegin daga og orðið uppselt. Ekki örvænta, DragSúgur á auðvitað fulltrúa í göngunni á morgun en ég ætla ekki að segja hvað við ætlum að gera,“ segir hann dularfullur. „Eina sem ég vil segja er að við verðum eins stórfengleg og við getum og ætlum að brjóta ýmsar staðalmyndir um kalla í kjólum og konur með skegg!“







Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson
Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.ls, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.ls, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.ls, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.ls, s. 512 5433


Laugarnar í Reykjavík
LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI UM HELGAR Í SUMAR
NÁNAR Á ITR.IS
Fyrir líkama og sál
fyrir alla fjölskylduna
í þínu hverfi
Frá morgni til kvölds
Sími: 411 5000 • www.itr.is

# Víkingar í afmælisskapi

Víkingafélagið Rimmugýgur fagnar 20 ára afmæli með veglegri víkingahátíð um helgina. Bardagasýningar, handverksmarkaður, víkingaskóli barnanna, bogfimi og tónlist eru á meðal þess sem verður á dagskránni.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Við ætlum að setja upp víkingahátíð og leika okkur á Víðistaðatúninu í Hafnarfirði í tilefni þessara tímamóta. Þar verða ýmsar óvæntar uppákomur, auk þess sem hægt verður að fræðast um lifnaðarhætti víkinga og fylgjast með þeim í leik og starfi. Erlendir víkingar eru á leið til landsins og ætla að vera með okkur á hátíðinni en allir eru velkomnir og gaman væri að sjá sem flesta,“ segir Hafsteinn Kúld Pétursson, jarl Rimmugýgjar, sem er elsta og stærsta starfandi víkingafélag landsins.

## Tvö hundruð víkingar

Hafsteinn er einn stofnfélaga Rimmugýgjar en fyrir tveimur áratugum komu saman átta vinir í þeim tilgangi að stofna víkingafélag. Það hefur vaxið og dafnað síðan þá og hefur nú um tvö hundruð félaga. „Þetta byrjaði allt með Iðju, víkingahátíð sem var haldin árið 1995 í Hafnarfirði. Fljótlega eftir hana förum við vinirnir að velta fyrir okkur hvort það væri grundvöllur fyrir víkingafélagi hér á landi. Tveimur árum síðar, sumarið 1997, létum við slag standa og stofnuðum Rimmugýgi formlega. Til að byrja með var Rimmugýgur fyrst og fremst hugsað sem bardagafélag en í tímans rás hefur starfsemin þróast og snýst núna líka um handverk, bogfimi, tónlist og fræðslu. Innan Rimmugýgjar er fólk sem hefur mikla þekkingu á handverki og hefur deilt henni með öðrum. Þetta handverk á rætur sínar að rekja til tíma víkinga og felst einna helst í vefnaði og vattarsaumi. Víkingarnir prjónuðu ekki á sama hátt og gert er í dag heldur notuðu saumspor sem kallast vattarsaumur eða nálbinding en þá er prjónað með einni nál,“ upplýsir Hafsteinn en hann hefur alla tíð verið áhugasamur um víkinga og lifnaðarhætti þeirra. „Afi minn vakti áhuga minn á þessum fornu köppum. Íslendingasögurnar voru honum hugleiknar og hann kunni margar þeirra utanbókar. Hann sagði mér þessar sögur þegar ég var lítill og út frá þeim þróaðist þessi áhugi á víkingunum,“ rifjar Hafsteinn upp en öxin Rimmugýgur kemur fyrir í Njálu og merkir bardagatröll.



Um helgina verður heljarinnar víkingahátíð á Víðistaðatúni. MYND/ERNIR



Bardagalistir víkinga verða sýndar á afmælishátíðinni. MYND/ERNIR

## Víkingar á ferð og flugi

Frá vori og fram á haust ferðast félagar Rimmugýgjar á milli víkingahátíða á Norðurlöndunum og allt austur til Póllands, auk þess að heimsækja innlendar víkingahátíðir. Vetrarstarfsemin fer bráðlega í gang og hvetur Hafsteinn alla áhugasama til að mæta í klúbbhúsið Straum í Hafnarfirði sem er opið alla laugardaga yfir vetrartímann. „Í vetur verður þétt dagskrá hjá okkur nær alla daga vikunnar. Við æfum bardagalistir í bílakjallaranum undir verslunarmiðstöðinni Firði tvö kvöld í viku. Þar er frábær aðstaða og mikil stemning í ætt við kvikmyndina Highlander. Við gerum þá kröfu að bardagamenn séu orðnir 16 ára og þegar þeir hafa náð 18 ára aldri mega þeir taka þátt í bardagasýningum á vegum félagsins. Við erum með um fjörutíu bogmenn á okkar vegum sem æfa í Bogfimisetrinu og svo erum við með kór sem samanstendur af hæfileikaríku söng- og tónlistarfólki. Það er því mikið félagslíf í Rimmugýgi og mikið um að vera,“ segir Hafsteinn sem býst við mikilli stemningu á Víðistaðatúni um helgina.

Afmælishátíðin á Víðistaðatúni hefst klukkan 13 bæði laugardag og sunnudag og stendur fram eftir degi. Allir eru velkomnir og aðgangseyrir er enginn.



Bogfimi er snar þáttur í starfsemi Rimmugýgjar. MYND/ÞORSTEINN R. INGÓLFSSON



Upphaflega var Rimmugýgur fyrst og fremst hugsað sem bardagafélag en í tímans rás hefur starfsemin þróast og snýst núna líka um handverk, bogfimi, tónlist og fræðslu. MYND/ÞORSTEINN R. INGÓLFSSON

SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

Sérblaðið Skólar og námskeið kemur út 15. ágúst

Hægt er að kaupa augýsingar sem og kynningar í þessu blaði.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband
